



Fundargerð stjórnar SOS nr. 317

Staður: Fundarsalur SASS að Austurvegi 56, Selfossi

Dagsetning og tími: 6. mars 2023, kl. 14:30.

Mætt voru: Anton Kári Halldórsson (AKH), formaður, Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), Bragi Bjarnason (BB), Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð. Þá mætti á fundinn Bjarni Guðmundsson (BG) frá SASS.

1. Sorpstöð Suðurlands bs. - ársreikningur 2022.

Farið yfir helstu tölur og upplýsingar í ársreikningi SOS 2022. Stjórn samþykkir og undirritar ársreikning 2022 eins og hann er lagður fram.

2. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Suðvesturlandi 2022-2033.

Stjórnin samþykkir að fram fari kynning á vegum SOS fyrir kjörnum fulltrúum aðildarsveitarfélaganna. Kynningin fari fram sem fyrst og formanni er falið að leita til þeirra aðila sem haldið hafa utan um verkefnið til að vinna málið áfram og undirbúa kynningu til framlagningar á næsta stjórnarfundi til samþykktar.

3. Samstarfsvettvangur sorpsamlaga á Suðvesturhorni – fundargerð 14. desember 2022.

Fundargerð frá fundi í desember lögð fram til kynningar.

4. Samstarfsvettvangur sorpsamlaga á Suðvesturhorni – fundargerð 8. febrúar 2023.

Fundargerð frá fundi í febrúar lögð fram til kynningar.

5. Orkugerðin – aðalfundargerð 13. febrúar 2023.

Umræður um aðalfundargerð Orkugerðarinnar. Stjórn fagnar góðu rekstrarári Orkugerðarinnar og framtíðaráformum um uppbyggingu. Stjórn SOS beinir því eins og áður til Orkugerðarinnar að skoða áfram hvort finna megi lausn til afsetningar fitu úr fitugildrum. Í því samhengi telur stjórn SOS að mögulega gæti SOS átt einhverja aðkomu að verkefninu í upphafi.

6. Samningur SASS og SOS 2023.

Stjórn samþykkir samninginn og felur formanni að undirrita hann. Stjórn samþykkir að veita Bjarna Guðmundssyni, kt. 020858-2149, prókúru.

7. Önnur mál.

Stjórn staðfestir Árna Eiríksson sem fulltrúa SOS í stjórn Orkugerðarinnar ehf.

Gert er ráð fyrir að næsti fundur stjórnar verði haldinn klukkan 14:30 þann 18. apríl næstkomandi.

Fundi slitið klukkan 15:50.